

72. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 28. mars 2017.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði kl. 15:00-16:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Jón Björn Hákonarson (JBH), Sæunn Stefánsdóttir (SS). Margrét Guðjónsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar hafði ekki tæk á að mæta á fundinn.

Mættir stjórnarmenn SSA á staðnum: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Hákon Hansson (HH), Jakob Sigurðsson (JS), Gunnar Jónsson (GJ), Stefán Grímur Rafnsson (SGR), Andrés Skúlason (AS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Sameiginleg málefni SSA og Austurbrúar
2. Framtíðarsýn um áframhaldandi þróun - hver er hún?
3. Önnur mál
 - a) Undirbúningur fyrir ársfund
 - b) Ársreikningur 2016 – drög
 - c) Áfangastaðurinn Austurland - FAUST
 - d) Þjónustusamningar
 - e) Svar ANR við erindi MAS og flugvallaverkefna
 - f) Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Sameiginleg málefni SSA og Austurbrúar

Vísað er til umræðu og kynninga á áhersluverkefnum sem fram fór á stjórnarfundum SSA. Stjórn SSA lýsti yfir mikilli ánægju með vinnslu verkefnanna og greinargóðar upplýsingar.

2. Framtíðarsýn um áframhaldandi þróun - hver er hún?

Umræður fóru fram um þróun Austurbrúar. Ljóst er að í Austurbrú er orðinn til sá vettvangur sem menn höfðu væntingar til og nú þarf að vinna að því að styrkja starfsemina með aðkomu ríkis, sveitarfélaga og nærsamfélagsins á Austurlandi. Sérstök áhersla þarf að vera á að styrkja menntunarluta Austurbrúar en þar er Stóriðjuskólinn mikilvægur grundvöllur. Fundarmenn voru sammála um að áherslu á vinnu í að styrkja innanlandsflug og þá sérstaklega horfa til möguleika á lægri fargjöldum. Vinna þarf að því með öllum ráðum að auka fjölbreytni í atvinnulífi þannig að fólki gefist tækifæri til að setjast að á Austurlandi.

Stjórn SSA þakkaði kærlega fyrir góðan fund og yfirgaf fundinn fyrir liðinn önnur mál.

3. Önnur mál

a) Undirbúningur fyrir ársfund

Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttanefndar mætti til fundarins. Fór hann yfir verklag nefndarinnar í tengslum við undirbúning fyrir ársfund.

b) Ársreikningur 2016 – drög

JÁÐ fór yfir fyrstu drög af ársreikningi. Reiknað er með að reikningurinn verði lagður fram til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

c) Áfangastaðurinn Austurland - FAUST

JÁÐ fór yfir bókun stjórnar FAUST um að afhenda verkefnið Áfangastaðurinn Austurland til landshlutans með því að færa eignarhaldið til Austurbrúar ásamt skuldbindingu af hálfu FAUST við verkefnið næstu þrjú árin. Stjórn Austurbrúar þakkar stjórn FAUST fyrir frumkvæðið og stuðninginn við verkefnið og lýsir yfir mikilli ánægju með þá vinnu sem búin er að eiga sér stað hjá íbúum á Austurlandi, FAUST og Austurbrú.

d) Þjónustusamningar

JÁÐ fór yfir fyrirkomulag breytinga á þjónustusamningum hjá Austurbrú. Stjórn samþykkir hið nýja fyrirkomulag til framkvæmda.

e) **Svar ANR við erindi MAS og flugvallaverkefna**

Stjórn lýsir furðu sinni á afgreiðslu ráðuneytisins á erindunum. Ljóst er að ef alvara er á bak við áform um dreifingu ferðamanna þá þarf að standa sterkar að starfsemi í markaðsmálum landshlutanna af hálfu stjórnvalda. Ljóst er að undanfarin ár hafa óverulegir fjármunir af hálfu ríkisins komið til landshlutanna í þessa vinnu og hafa sveitarfélögin og ferðaþjónustan á svæðunum staðið vaktina. Ef markmið eiga að nást um að nýta þá innviði sem til eru í öllum landshlutum til að þjónusta ferðamenn þá þarf að standa miklu betur við bakið á landshlutunum en gert hefur verið undanfarin ár.

f) **Önnur mál**

JÁP sagði frá skipun sinni í ráðgjafanefnd um gerð stefnumarkandi landsáætlunar til næstu 12 ára fh. markaðsstofa og ferðamálasamtaka. Nefndin starfar á grundvelli nýrra laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Næsti stjórnarfundur verður 18. apríl 2017 á Egilsstöðum. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð á nefndarmenn.

Fundi slitið kl. 17:00

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Sæunn Stefánsdóttir